

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1	VGR 104 Verktækni Kennsluáætlun Haust 2014	

Kennarar	Kristín Petra Guðmundsdóttir- Bragi Finnbogason – Haraldur Vilhjálmsson	Sk.st.	KPG - BFI - HÁV
-----------------	--	---------------	-----------------

Áfangalýsing: Kennd er meðferð, viðhald og umhirða verkfæra og véla, svo og mælitækja í fínsmíði. Smíðaðir eru hlutir úr járn og áli innan vissra málvika. Rétt beiting líkama og verkfæra er ríkur þáttur í þessu námi. Álplötur eru klipptar og beygðar og búnir til kassar, eftir teikningum. Uppmerking, borun, sögun, snittun og skrúfun eru líka mikilvægir þættir í þessu námi. Kynnt er meðferð rafsuðutækja, eðli þeirra og notagildi. Soðnir eru smærri hlutir með rafsuðutækjum. Farið er yfir meðferð, umgengni og öryggismál þeirra véla og verkfæra sem unnið er með.

Markmið: Að neminn geti lesið og unnið eftir einföldum vinnuteikningum, að hann kunni skil á helstu handverkfærum til málmsmíða og geti valið sér þau verkfæri sem þarf til einfaldra smíða. Fái tilfinningu fyrir eðli og formunarmöguleikum helstu smíðamála, hvort sem er með handverkfærum og/eða vélum, og kunnist og geti notfært sér helstu mælitæki sem notuð eru í málsmíðnaði. Að hann þekki nokkuð til og geti notað algengustu vélar sem notaðar eru við málsmíðnað, sem og þeim búnaði er þeim tengist. Þá skal leggja ríka áherslu á að hann tileinki sér, öryggismál vinnustaðarins, stundvísi, snyrtimennsku, góða umgengni og almenna háttvísi.

Námsgögn: Teikningar af öllum verkefnum sem unnin eru. Allir verkþættir og vélar yfirfarin á glærum og myndböndum. Farið yfir ýmsar handbækur, töflubækur og töflur.

Námsmat og vægi námsþátta: Námsmatið byggist á að allir smíðaðir hlutir eru metnir og suðustykki sjónskoðuð og gallar metnir. Gefin er einkunn fyrir hvern hlut og vægi hvers hlutar er samkvæmt töflu hér að neðan. Nemendum er gerð grein fyrir þessu námsmati í upphafi annar og geta þeir því gengið að því vísu að hver hlutur er metinn. Þegar niðurstaða matsins á öllum hlutum liggur fyrir er 90% af lokaeinkunninni fundin, og lokaeinkunn fæst með því að bæta við einkunn fyrir frágang og umgengni sem gefa hver um sig 5%.

Vægi námsþátta.

30%	30%	30%	5%	5%	100%
Kassi 1	Kassi 2	Suða	Frágangur	Umgengni	Lokaeinkunn

Annað: Í upphafi tíma er gjarnan farið yfir verkefni dagsins og aðra mikilvæga þætti viðkomandi náminu. Það er því áriðandi að nemandi mæti á réttum tíma svo komast megi hjá óþarfa endurteikningum. Ef nemandi yfirgefur verkstæði áður en tiltekt lýkur eða tekur ekki þátt í frágangi fær hann F (fjarvist) fyrir síðustu kennslustund.

Eins og fram kemur í markmiðum áfangans er lögð rík áhersla á að nemandi tileinki sér, öryggismál vinnustaðarins, stundvísi, snyrtimennsku, góða umgengni og almenna háttvísi. Með tilliti til þessara þátta er settur upp einn dagur á önn svokallaður "tuskudagur" þar sem hver áfangi tekur þátt í að þrifa vélar, tæki og verkstæði.

Dagsetning:

Bragi Finnogason
Undirritun kennara

Haraldur Vilhjálmsson
Undirritun kennara

Kristín Petra Guðmundsdóttir
Undirritun kennara

Óskóla
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils